

Fráveitugjald

Heimilt er að innheimta fráveitugjald af öllum fasteignum þar sem tenging er fyrir hendi við mörk fasteignar. Fráveitugjald samanstendur af fastagjaldi á hverja matseiningu og fermetragjaldi eftir stærð samkvæmt fasteignamati. Heimilt er að reiknað sé af flatarmáli allra mannvirkja á fasteign. Bílskúrar og sambærilegt húsnæði sem stendur við íbúðarhús (á sömu lóð) er undanþegið fastagjaldi.

Fráveitugjöld eru innheimt með fasteignagjöldum og eru undanþegin virðisaukaskatti.

Heimilt er að innheimta sérstakt aukagjald ef frárennsli tiltekins gjaldskylds aðila er svo mengað að það leiði til sérstakra aðgerða fráveitunnar, svo sem sértækrar hreinsunar eða breytinga í kerfinu. Er þá innheimtur raunkostnaður sem hlýst af viðkomandi aðgerð.

Þar sem fráveitulögn er tengd rotþró annast Norðurorka viðhald og hreinsun rotþróarinnar enda greiði aðili fráveitugjald.

Gerð húsnæðis	Fastagjald kr./matseiningu	Fermetragjald kr. /m ² /ár
Íbúðarhúsnæði	17.333	409,53
Annað húsnæði en íbúðarhúsnæði	17.333	409,53